

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 18/1968. **Knútur Kristinsson f. h. Ewalds Berndsens**
(Guðlaugur Einarsson hrl.)

gegn

Pétur Péturssyni (Árni Halldórsson hrl.)

og **Kristjáni Eiríkssyni** (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Dómssátt vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 6. desember 1966 undirgekkst stefndi Kristján á bæjarþingi Reykjavíkur fyrir fulltrúa yfirborgardómara, Magnúsi Thoroddsen, sem lögráðamaður áfrýjanda Ewalds og hans vegna að greiða stefnda Pétri kr. 475.000.00 auk vaxta og kostnaðar.

Eftir kröfu stefnda Péturs framkvæmdi fulltrúi yfirborgarfrógeta, Haukur Davíðsson, fjárnám til tryggingar sáttarkröfunum hinn 11. nóvember 1967.

Að fengnu áfrýjunarleyfi 31. janúar 1968, hefur áfrýjandi með stefnu 8. febrúar 1968 áfrýjað nefndum dómsathöfnum til Hæstaréttar til ógildingar. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti 2. desember 1968, kröfðust stefndu frávisunar málsins frá Hæstarétti og málskostnaðar þar úr hendi áfrýjanda. Munnlegur málflutningur fór því næst fram um frávisunarkröfuna. Í þeim þætti málsins gerði áfrýjandi þær dómkröfur, að frávisunarkröfunni yrði hrundið og að stefndu yrði dæmt að greiða málskostnað hér fyrir dómi.

Dómssátt sú, er að framan greinir, var gerð samkvæmt skriflegu samkomulagi umboðsmanna málsaðilja, er þeir höfðu undirritað og lagt fram á dómþinginu. Verður eigi séð, að héraðsdómari hafi á neinn hátt lagt dóm á gildi sáttarinnar. Að svo vöxnu brestur lagaheimild til áfrýjunar dómsáttarinnar, og verður málinu, að því er hana varðar, því vísað frá Hæstarétti. Hins vegar eru ekki fram kominn nein gögn, er leitt geti til frávisunar málsins frá Hæstarétti, að því er tekur til hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti, að því er hina áfrýjuðu dómssátt varðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómssátt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 6. desember 1966.

Var þá tekið fyrir: 108°—3723/1966: Pétur Pétursson gegn Kristjáni Eiríkssyni f. h. ófjárráða Ewalds Berndsens.

Af hálfu stefnanda sótti þing Bergur Bjarnason héraðsdómslögmaður og lagði fram nr. 6 sátt. . . .

Af hálfu stefnda sótti þing Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður.

Með aðiljum varð svofelld sátt:

„Stefndi, Kristján Eiríksson hrl. v/ ófjárráða Ewalds Berndsen, lofar að greiða stefnanda, Pétri Péturssyni, Sundlaugavegi 18, Rvík, kr. 475.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. ágúst 1962 til 1. ágúst 1965, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.140.00 í stimpilkostnað og kr. 50.510.00 í málskostnað, allt fyrir 8/1 1967 í skrifstofu Hafþórs Guðmundssonar, Skólavörðustíg 36, Rvík.

F. h. stefnanda v/Hafþ. Guðmundssonar B. B.

F. h. stefnda v/Kristjáns Eiríkssonar Jóhann Steinason“.

Sátt þannig gerð.

Jóhann Steinason. Bergur Bjarnason.

Fjárnámgerð fógætadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1967.

Fyrir var tekið: Málið A-2892/1967: Pétur Pétursson gegn Kristjáni Eiríkssyni f. h. ófjárráða Ewalds Berndsens.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur nr. 3732/1966.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir dr. juris Hafþór Guðmundsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 475.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. ágúst 1962 til 1. ágúst 1965, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 30.00 endurrítskostnað, kr. 1.140.00 í stimpilkostnað, kr. 50.510.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Umboðsmenn aðilja samþykkja að gerðin fari fram hér.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eignum gerðarþola, Ewalds Berndsens, $\frac{1}{6}$ hluta í neðri hæð og kjallara húseignarinnar nr. 6 við Engihlíð, $\frac{1}{6}$ hluta í kjallaraíbúð að Flókagötu 57, $\frac{1}{6}$ hluta í allri húseigninni nr. 15 við Þverholt, $\frac{1}{6}$ hluta í fasteigninni nr. 13 við Ránargötu og $\frac{1}{6}$ hluta í fasteigninni nr. 4 við Bókhöldustíg.

Fallið var frá virðingu.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 19/1968. **Knútur Kristinnsson f. h. Ewalds Berndsens**
(Guðlaugur Einarsson hrl.)

gegn

Jóhanni Steinasyni og Kristjáni Eiríkssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. janúar 1968, með stefnu 8. febrúar 1968 skotið til Hæstaréttar sáttargerð á bæjarþingi Reykjavíkur 16. marz 1967 fyrir fulltrúa yfirborgardómara, Birni Þ. Guðmundssyni, þar sem stefndi Kristján sem lögráðamaður áfrýjanda Ewalds og hans vegna undirgekkst að greiða stefnda Jóhanni kr. 800.600.00 auk vaxta og málskostnaðar. Var sátt þessi gerð samkvæmt skriflegu samkomulagi aðilja, er þeir höfðu undirritað og lagt fram á dómþinginu, og verður eigi séð, að héraðsdómarinn hafi á neinn hátt lagt dóm á gildi sáttarinnar.

Er mál þetta var fyrir tekið í Hæstarétti 2. desember 1968, var þess krafizt af hendi stefndu, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda yrði dæmt að greiða þeim máls-